

Fundargerð ársfundar AkureyrarAkademíunnar fimmtudag 15. maí 2025

í húsnæði AkAk, Sunnuhlíð 12, kl. 19:30.

Eftirtaldir fulltrúar sátu ársfundinn: Aðalheiður Steingrímsdóttir, Arna Dögg Arnardóttir, Gunnar Árnason, Jón Örn Pálsson, Margrét Guðmundsdóttir, Rannveig Karlsdóttir, Sigurgeir Guðjónsson, Þórhallur S. Bjarnason og Þorgerður Anna Björnsdóttir.

Dagskrá

1. *Skýrsla stjórnar:* Sigurgeir Guðjónsson, stjórnarformaður.
2. *Endurskoðun reikninga:* Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri, kynnir ársreikning.
3. *Upptalning fulltrúa:* Aðalheiður Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri, les upp fulltrúa.
4. *Kjör formanns og fulltrúaráðs.* Ársfundur kýs sjö manna fulltrúaráð. Stjórn er skipuð þremur einstaklingum úr fulltrúaráði. Formaður er kosinn sérstaklega. Fulltrúaráð kýs úr sínum röðum gjaldkera og ritara. Þau sem hafa boðið sig fram í fulltrúaráð eru:
 - a) Sigurgeir Guðjónsson, formaður
 - b) Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri
 - c) Þorgerður Anna Björnsdóttir, ritari
 - d) Arna Dögg Arnardóttir, fulltrúaráð
 - e) Bryndís Fjóra Pétursdóttir, fulltrúaráð
 - f) Gunnar Árnason, fulltrúaráð
 - g) Jón Örn Pálsson, fulltrúaráð
5. *Fjárhagsáætlun og árgjald.*
 - a. Aðalheiður Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri, leggur fram rekstraráætlun fyrir árið 2025.
 - b. Árgjald er nú 2.000 kr. Stjórn leggur til óbreytt árgjald.
6. *Breytingar á skipulagsskrá.* Stjórn leggur ekki til breytingar á skipulagsskrá.
7. *Önnur mál.*
 - a. Málefni AkAk í ráðuneytinu.
 - b. Kynning á niðurstöðum viðhorfskönnunar AkAk 2025 um aðstöðu og þjónustu.
 - c. Vísindastyrkir AkAk.
 - d. Félagsstarf.
8. Fundi slitið.

Sigurgeir Guðjónsson, formaður stjórnar, setti fundinn og bar undir fulltrúa tillögu um Gunnar Árnason sem fundarstjóra og Þorgerði Önnu Björnsdóttur sem ritara, og voru þau samþykkt. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar til ársfundar um starfsárið 2024-2025

Formaður gerði grein fyrir starfinu á starfsárinu 2024-2025. Frá hausti 2024 var mikil óvissa með áframhaldandi opinberar fjárveitingar til AkAk en í bréfi ráðuneytis í september 2024 var tilkynnt um úttekt á starfsemi AkAk og að skoðaðar yrðu breytingar á fjárveitingum til AkAk. Stjórn AkAk skilaði svörum við úttektarspurningum til ráðuneytis í lok október 2024. Eftir að ný ríkisstjórn tók við í desember 2024 settu formaður og framkvæmdastjóri sig í samband við nýjan ráðherra og kom í ljós að hann myndi ekki nota þá nálgun á fjárveitingum til AkAk sem fyrri ráðherra hafði tilkynnt um. Stjórn sendi formlegt erindi í febrúar 2025 til ráðherra um að gerður væri nýr samstarfssamningur til þriggja ára við AkAk sem var ítrekað með formlegum og óformlegum hætti. Nauðsynlegt var að fá skriflega staðfestingu á áframhaldandi fjárveitingum til AkAk vegna ársfundar 2025 sem var boðaður þann 15. maí. Aðstoðarmaður ráðherra brást við þessu með pósti þann 12. maí og staðfesti fjárveitingar frá júní á þessu ári fram í júní á næsta ári, í formi viðauka, eins og gert hefur verið árlega eftir að fyrsti samningurinn til þriggja ára rann út árið 2017. Formaður benti á að ársreikningur AkAk 2024 sýndi góða stöðu og jafnvægi í rekstri.

Formaður fór yfir lista um þá sem voru með vinnupláss á starfsárinu, og var góð nýting á plássum. Hann rakti ýmsa liði í innanhússtarfseminni, s.s. opið hús á Akureyrarvöku, fimmtudagskaffi, heimsókn frambjóðenda stjórnmalaflokkanna til AkAk fyrir Alþingiskosningarnar í nóvember til að kynna þeim starfsemina, ritlistarnámskeið Bjargar Árnadóttur fyrir félagi AkAk og heimsókn frá Konfúsíusarstofnun við Háskóla Íslands. Hann ræddi um skýrslu Margrétar Guðmundsdóttur um verkefni sem fólk hefur unnið að hjá AkAk frá upphafi árið 2006 og fram á árið 2021 og viðburði sem AkAk stóð fyrir á sama tímabili sem komið var fyrir í gagnagrunni á vefsíðu AkAk. Mikilvægt að haldið væri áfram að safna upplýsingum um fjölda þeirra sem eru með vinnupláss hjá AkAk, verkefni þeirra og viðburði hjá AkAk til að setja í gagnagrunninn en nú styttist í 20 ára starfsafmæli AkAk á næsta ári. Formaður fór yfir helstu atriði í samstarfi AkAk við Akureyrarbæ, Háskólann á Akureyri og ReykjavíkúAkademíuna, það væri verðmætt fyrir AkAk að hafa tengsl við þessa aðila. Fyrirlestrar fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa gengu vel og sóttu þá um 500 gestir. Bakarís-fyrirlestrarirnir hafa einnig gefist vel en þeir eru vettvangur fyrir fólk til að kynna verkefni fyrir almenningi sem þeir hafa unnið að hjá AkAk.

Að loknu máli formanns gaf fundarstjóri orðið laust. Spurt var um flokkun einstaklinga sem eru með vinnupláss hjá AkAk og gerði framkvæmdastjóri grein fyrir muninum á frumkvöðlum og sjálfstætt starfandi. Frumkvöðlar eru þeir sem fá úthlutað vinnuplássi til að vinna að frumkvöðlaverkefnum samkvæmt samningi við Akureyrarbæ og sjálfstætt starfandi eru þeir sem eru einyrkjar og vinna að fræði- og ritstörfum og annarri þekkingarsköpun. Lagt var til að efla samstarf við ReykjavíkúAkademíuna og rifjað upp að í samstarfssamningi AkAk og RA væru ákvæði um ókeypis vinnurými fyrir akademóna fyrir sunnan eða norðan í allt að einn mánuð. Bent var á að ársskýrslan endurspegli öflugt og fjölbreytt starf hjá AkAk og að við þurfum að vera dugleg að minna á AkAk, til að sýna og sanna mikilvægi stofnunarinnar og þakkað var fyrir góða ársskýrslu. Spurt var um horfur á nýjum 3ja ára samningi við ráðuneytið. Mikilvægt væri að leggja áherslu á sérstöðu AkAk gagnvart ráðuneytinu hvað varðar öflugt starf í nærsamfélaginu. Einnig var bent á að AkAk standi vel hvað varðar stöðugan rekstur og hafi alltaf staðið í skilum gagnvart ráðuneytinu. Mikilvægt væri að tryggja 3ja ára samning sem stæði af sér næstu ríkisstjórnarskipti. Minnt var á að AkAk starfi á breiðu sviði og

hafi sterkar tengingar við stofnanir í nærumhverfinu, s.s. Akureyrarbæ og Háskólann á Akureyri.

2. Endurskoðun reikninga

Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri, gerði grein fyrir ársreikningi AkAk árið 2024. Rekstrartekjur voru 15 m.kr., þar af voru opinber framlög 11,1 m.kr., útleiga á vinnuaðstöðu 3,3 m.kr, félagsgjöld kr. 125 þúsund, styrkir og önnur framlög kr. 550 þúsund og aðrar tekjur kr. 11 þúsund. Rekstrargjöld voru 12 m.kr., þar af verkefnakostnaður 2,8 m.kr., laun og launatengd gjöld 4 m.kr., rekstur fasteignar 2,2 m.kr., annar rekstrarkostnaður 1,7 m.kr. og afskriftir kr. 997 þúsund. Afgangur varð af rekstrinum á árinu 2024 að fjárhæð 1,1 m.kr. samanborið við kr. 731 þúsund á árinu 2023. Heildareignir í árslok námu 35 m.kr. og eigið fé var 16,3 m.kr. Gjaldkeri sagði ársreikning sýna góða rekstrarafkomu. Nauðsynlegt hefði verið að hafa aðhald í rekstrinum og bíða með viðhald á húsnæðinu vegna óvissunnar um áframhaldandi opinberar fjárveitingar en samningur við ráðuneytið væri forsenda öryggis í fjármálum og stöðugleika í rekstri, og að mikilvægt væri að gera 3ja ára samning við ráðuneytið í stað hinna árlegu framlenginga. Fulltrúar samþykktu ársreikning.

3. Upptalning fulltrúa

Aðalheiður Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri, las upp 47 skráða fulltrúa en það eru þeir sem greitt hafa árgjald fyrir starfsárið 2025-2026.

4. Kjör formanns og fulltrúaráðs

Samkvæmt skipulagsskrá AkureyrarAkademiunnar kýs ársfundur sjö manna fulltrúaráð úr röðum skráðra fulltrúa. Stjórn er skipuð þremur einstaklingum úr fulltrúaráði og er formaður kosinn sérstaklega. Fulltrúaráð kýs úr sínum röðum gjaldkera og ritara. Fundarstjóri las upp nöfn þeirra sem hafa boðið sig fram í fulltrúaráð, og til formanns, gjaldkera og ritara:

- a) Sigurgeir Guðjónsson, formaður
- b) Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri
- c) Þorgerður Anna Björnsdóttir, ritari
- d) Arna Dögg Arnardóttir, fulltrúaráð
- e) Bryndís Fjóra Pétursdóttir, fulltrúaráð
- f) Gunnar Árnason, fulltrúaráð
- g) Jón Örn Pálsson, fulltrúaráð

Sigurgeir Guðjónsson var endurkjörinn formaður. Auk hans voru kjörin í fulltrúaráð Þórhallur S. Bjarnason, Þorgerður Anna Björnsdóttir, Arna Dögg Arnardóttir, Bryndís Fjóra Pétursdóttir, Gunnar Árnason og Jón Örn Pálsson. Þórhallur S. Bjarnason var endurkosinn gjaldkeri og Þorgerður Anna Björnsdóttir sem ritari.

5. Fjárhagsáætlun og árgjald

- a) Aðalheiður Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri, lagði fram rekstraráætlun fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2025, og er þetta sama áætlun og send var ráðuneytinu í ársbyrjun. Í rekstraráætlun er einnig sýnd rekstrarstaðan í byrjun maí þessa árs. Rekstrartekjur voru áætlaðar 7,5 m.kr. og er staðan 7,3 m.kr. eða um 96% af áætlun. Rekstrargjöld voru áætluð 6,1 m.kr. og er staðan 3,3 m.kr. sem er ca. 55% af áætlun. Þegar búið er að taka tillit til vaxtagjalda af láninu sem var tekið til að kaupa húsnæðið í Sunnuhlíð þá er rekstrarniðurstaða 3 m.kr. en áætlun gerir ráð fyrir kr. 326 þúsund. Yfirstandandi ár hefði verið aðhaldsár í rekstri

í ljósi óvissu um fjárveitingar til AkAk, en ýmsir kostnaðarliðir ættu þó eftir að koma inn, s.s. að taka útipallinn í notkun, vegna viðburða fyrir almenning og viðhalds á húsnaðinu.

Afkoman muni því lækka þegar árið væri gert upp.

- b) Árgjald er nú 2.000 kr. Stjórn lagði til óbreytt árgjald og var það samþykkt.

6. Breytingar á skipulagsskrá

Stjórn lagði ekki til breytingar á skipulagsskrá AkAk og var það samþykkt.

7. Önnur mál

- a) Formaður rifjaði stuttlega upp farveginn sem málefni AkAk standa í gagnvart ráðuneytinu, og vísaði til umræðunnar á fundinum um skýrslu stjórnar.
- b) Framkvæmdastjóri greindi frá niðurstöðum viðhorfskönnunar AkAk 2025 um aðstöðu og þjónustu. Könnunin var lögð fyrir 28 manns og var svarhlutfall 40% sem er lægra en hefur verið. Niðurstöður væru þó sambærilegar og í fyrri könnunum.
- c) Formaður greindi frá því að á síðasta ársfundi hefðu verið samþykktar reglur um Vísindastyrki AkAk. Þessar reglur hafi nú verið lítillega endurskoðaðar til að gera þær skýrari og lagði formaður fram tillögur stjórnar um breytingar á reglunum. Fulltrúar samþykktu tillögur um breytingar á reglum. Jafnframt voru kosnir tveir fulltrúar úr fulltrúaráði í úthlutunarnefnd: Sigurgeir Guðjónsson og Jón Örn Pálsson.
- d) Formaður minnti á vorferðina sem verður 6. júní en þá verður haldið austur í Mývatnssveit.

Ekki var fleira rætt og var ársfundinum slitið kl. 21:16.

Þorgerður Anna Björnsdóttir, fundarritari.